

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 54/98  
frá 3. júní 1998**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/94 frá 12. ágúst 1994<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 616/96/EB frá 25. mars 1996 um aðlögun ákvörðunar nr. 1110/94 um fjórðu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998) í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu<sup>(2)</sup> og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2535/97/EB frá 1. desember 1997 um aðra aðlögun ákvörðunar nr. 1110/94/EB um fjórðu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998)<sup>(3)</sup> skulu felldar inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið í 5. mgr. 1. gr. í bókun 31 við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 253, 29. 9. 1994, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 29. 9. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 86, 4. 5. 1996, bls. 69.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 347, 18. 12. 1997, bls. 1.

„, eins og henni var breytt með:

- **396 D 0616:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 616/96/EB frá 25. mars 1996 (Stjtið. EB nr. L 86, 4. 4. 1996, bls. 69).
- **396 D 2535:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2535/97/EB frá 1. desember 1997 (Stjtið. EB nr. L 347, 18. 12. 1997, bls. 1).“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 3. júní 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

